

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 50/2008**

**frá 25. apríl 2008**

**um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007 frá 26. október 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1430/2007 frá 5. desember 2007 um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi <sup>(2)</sup>.
- 3) Bæta ber námsheitinu „Master of Science in Architecture (MScArch)“ við í aðlögunarliðum vegna tilskipunar 2005/36/EB að því er varðar Liechtenstein, þar eð fram kemur í orðsendingu frá Eftirlitsstofnun EFTA <sup>(3)</sup> að það fullnægir skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. tilskipunar 85/384/EEB <sup>(4)</sup>.
- 4) Útgáfa starfsleyfa fyrir heilbrigðisstéttir á Íslandi hefur verið færð undir Landlæknisembættið.
- 5) Rétt er að einfalda VII. viðauka við samninginn með því að fella brott fyrirsagnir og liði án texta og endurtölusetja aðra liði.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

VII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Ákvæði 1. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) breytist sem hér segir:
  - i) Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32007 R 1430**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1430/2007 frá 5. desember 2007 (Stjtið. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 3).“
  - ii) Aðlögunarliður D) breytist sem hér segir:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 70, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 70.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB C 27, 31.1.2008, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 5, 31.1.2008, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 223, 21.8.1985, bls. 15.

- a) Eftirfarandi bætist við í töflunni í i. lið staflíðar g) að því er varðar Liechtenstein:

|  |   |                          |  |           |
|--|---|--------------------------|--|-----------|
|  | – Master of Science in Architecture (MscArch) | Hochschule Liechtenstein |  | 2002/2003 |
|--|---|--------------------------|--|-----------|

- b) Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu“ í töflunni í i. lið staflíðar a) að því er varðar Ísland komi orðið „Landlækni“.
- c) Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í töflunni í ii. lið staflíðar a) að því er varðar Ísland komi orðið „Landlæknir“.
2. Brott falli fyrirsagnir C (Lækningar og skyld starfsemi), D (Byggingarlist) og K (Annað) ásamt tilheyrandi undirfyrirsögnum og liðum.
  3. Brott falli 59.–65. liður og 67.–74. liður ásamt tilheyrandi fyrirsögnum.
  4. Brott falli liðir 1a–1c, 20.–26. liður, 29. liður og 31.–57. liður.
  5. Liður 1d, 27. liður, 28. liður, 30. liður og 66. liður skulu endurtölusettir sem liður 1a og 3.–6. liður.
  6. Fyrirsögn E (Verslun og milliliðir) verði fyrirsögn C.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1430/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Alan Scatter**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.